

XVII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

156

30. júní

91. gr.

Með mál, sem risa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

92. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

93. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

94. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

157

fyrir Rangárvallasýslu.

6. júlí

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Rangárvallasýsla er eitt fjallskilaumdæmi og hefur sýslunefnd yfirstjórn allra fjallskilamála samkv. gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi, eða í sameiningu, þar sem svo hagar til.

2. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann til þess að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri.

157

6. júlí

3. gr.

Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, haldi sérstaka fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt sem við kemur fjallskilamálum hreppsins.

II. KAFLI

Um afrétti, upprekstur og heimalönd.

4. gr.

Allt land skiptist í örafi, afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Þó geta hreppsnefndir tekið upp nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

5. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og skal rita hana í fjallskilabókina.

Lýsingar þessar skulu sendar sýslunefnd. Sér hún um að þær séu innfærðar í afréttabók, er tilgreinir gangnasvæðin innan fjallskilaumdæmisins.

6. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að búfjárhögum í heimalöndum sé ekki íþyngt um skör fram á sumrum, eftir því sem við verður komið. Í þeim hreppum, sem afréttir tilheyra, skulu allir, sem sauðfé hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka fé sitt á afrétt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrétt í annarri sveit.

7. gr.

Ef afréttur ber ekki allt það fé, sem á fjall ber að reka, ákveður hreppsnefnd hvernig með skuli fara.

Hreppsnefnd getur samið skrá um ítölu hvernjar jarðar í afrétti.

8. gr.

Enginn má lána utansveitarmanni ítölu sína í afrétti nema með leyfi hlutað-eigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Enginn má heldur leyfa öðrum sumarreit fyrir búfé í heimalandi sínu, þar sem hætta væri á að íþyngt yrði óréttilega öðrum samleitarmönnum eða nágrönnum, án leyfis þeirra og hreppsnefndar, nema í sauðheldri girðingu.

9. gr.

Hreppsnefnd getur sett ákvæði um, á hvaða svæði í afrétti fjallféð skuli rekið og hversu margt megi reka á hvert svæði. Hún hefur heimild til að skipa eða samþykkja foringja fyrir hverjum rekstri. Ber honum að sjá um að reglum sé hlýtt, vel með féð farið og sérstaklega skal hann gæta þess að rekstrinum sé haganlega dreift og ær látnar taka lömb sín.

10. gr.

Nú þykir einhverjum hreppi ofsett í afrétt nágrannahrepps, og verður af þessum ástæðum fyrir tilfinnanlegum ágangi af afréttarfé. Er þeim hreppi heimilt að krefjast þess að skipuð sé þriggja manna nefnd til þess að ákveða í afréttinn. Nefndin skipist þannig: Viðkomandi hreppsnefndir kjósa sinn manninn hvor og

sýslumaður úlnefnir þriðja manninn. Ber afréttareiganda að haga fjártöku í af- **157**
réttinn eftir mati slíkrar nefndar, enda náist ekki samkomulag um uslagjald. 6. júlí

11. gr.

Hreppsnefnd er skylt, þegar einstakir menn krefjast þess, að afstýra ágangi innsveitar- og utansveitarfénaðar og hrossa í heimalandi eða löndum, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefur í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á skerra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa, og reka til rétta. Það sauðfé, er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrétt hreppsins, og taka af utansveitarfé, sem ekki er hirt, hagatoll, allt að kr. 1.00 af kind, ef fé þetta er rekið á afrétt fyrir miðjan ágústmánuð, og sér oddviti þess hrepps, þar sem eigendur íjárins eiga heima, — eftir að hafa fengið vottaðar markaskýrslur, — um innheimtuna á því gjaldi, og stendur skil á því. Sé afrétturinn, sem á er rekið, notaður af öðrum hreppi jafnhliða, getur hagatollurinn, að því er þann hrepp snertir, fallið niður, ef hann leggur jafnt til smölunar og uppreksturs og hreppur sá, sem fyrir áganginum verður. Svo er hreppsnefndum í þeim hreppum, er engan afrétt eiga, heimilt að láta reka fé, sem þannig er smalað, til almenningsréttta í þeim hreppi, sem féð á heima í.

Þegar hreppsnefnd fyrirskipar smölun slíka og þá, er hér um ræðir, skal henni skylt, áður en smölun fer fram, að birta þá ráðstöfun sína í nágrannahreppunum, svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt.

Skepnur, sem sérstaklega eru áleitnar í girðingar og í matjurtagarða, skal eigandi hirða, þegar tilsaðar eru, setja í örugga vörzlu eða farga þeim. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, er skepna þessi eða skepnur hafa valdið eða valda.

12. gr.

Enginn má reka fénað sinn í lönd annarra án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum. Annarra fé mega menn heldur eigi láta fara í rekstra sína til og frá afrétti og rétta með rekstrum sínum.

13. gr.

Telji einhver ábúandi jarðar sig verða fyrir óhæfilegum ágangi búfjár nágranna síns, vegna þess að sá síðarnefndi hafi girt stærra eða minna svæði af beiti-landi sínu og verji það að meira eða minna leyti, með því að sleppa hlutfallslega of miklu af fénaði sínum utan girðingar í þann hluta landsins, sem liggur ógirt að landi eða löndum nágranna hans, getur sá, sem telur sig verða fyrir áganginum, kært málið til hreppsnefndar.

Hreppsnefnd er þá skylt að rannsaka málið. Þyki henni ástæða til, getur hún fyrirskipað þeim, sem hefur nokkuð af landi sínu afgirt, að hafa ákveðinn hluta búfjárins í hinu afgirta landi.

Heimilt er hlutaðeigendum að skjóta úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar, sem fellir endanlegan úrskurð um slíkt mál, en skylt er hlutaðeigendum að hlýða úrskurði hreppsnefndar, þótt málinu hafi verið vísað til sýslunefndar, unz hún hefur fellt úrskurð sinn.

157

6. júlí

III. KAFLI Um fjallskil.

14. gr.

Skýlt er hreppsnefnd að sjá um, að tvísmöluð séu afréttarlönd hreppsins á hverju hausti, og oftár ef þurfa þykir.

Öllum þeim, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða og öllum, sem hafa sauðfé undir höndum, er skýlt að taka þátt í fjallskilum eftir því og á þann hátt, sem hreppsnefnd skipar fyrir um. — Er hver húsráðandi skyldur til að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn.

15. gr.

Hreppsnefnd reiknar út fjallskilakostnaðinn ár hvert með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá og annan kostnað, er til þess þarf, að afréttur sé fullsmalaður, og það annað innt af hendi, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegt. Þessari heildarupphæð jafnar hún svo niður á hlutaðeigendur þannig, að $\frac{1}{3}$ komi á ábúð jarða og eyðijarða, sem nota mætti til slægna eða beitar, og $\frac{2}{3}$ á sauðfé, jafnt á hverja kind, veturgamla og eldri, samkvæmt fjártali á fjórðungs-skýrslum frá undanförunum vetri, eða framtali á vori til búnaðarskýrslna.

Niðurfjöfnun á ábúð jarða skal miðast við gildandi fasteignamat á landi hennar á hverjum tíma. Þó má undanskilja hlunnindi og sérstaka verðhækkun jarða vegna óvenjulegra atvika, t. d. lóðasölu.

Hverjum hlutaðeiganda er skýlt að inna af hendi fjallskil þau, er á hann hafa verið jöfnuð niður, á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefndin hefur ákveðið, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peningagreiðslur er að ræða. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um, hvernig fjallskilum er jafnað á aðra eða sjálfan hann eða einhverjum hafi verið ranglega sleppt. Skal kæra sú koma til hreppsnefndarinnar bréflaga áður fjórar vikur eru liðnar frá niðurfjöfnun. Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kærana. Úrskurði hreppsnefndarinnar um fjallskilakærana má skjóta til sýslunefndar og skal gera það skriflega innan ársloka. Sýslunefnd leggur síðan á næsta fundi sínum fulln-
aðarúrskurð á málið.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komið hjá því að inna þau af hendi, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurði.

Leysa má hreppsnefnd mann undan fjallskilum að meira eða minna leyti, ef hún telur mjög sett í afrétt hreppsins og maður þessi hefur útvegað sér og notfært upprekstur á annan afrétt.

Við niðurfjöfnun fjallskilakostnaðar er rétt að ætla nokkuð fyrir óvissum útgjöldum og leggst það fé í sérstakan sjóð, er nefnist fjallskilasjóður. — Um reikningsskil hans gilda sömu reglur og um sveitarsjóðsreikninga (sjá síðar, X. kafla).

16. gr.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem birtur sé opinberlega eða byrji að ganga um sveitina 2—3 vikur áður en fyrsta fjallleit skal hafin, boða fjallleit og hvað hverjum beri til fjallskilanna að leggja. Skulu fjallleitir gerðar svo snemma, að fjallsafni (fyrri leit) sé lokið og réttað verði: Í Landréttum og í Rangárvallaréttum föstudaginn í 23. viku sumars, Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi fimmtudaginn í sömu viku og í öðrum hreppum sýslunnar næsta dag þar á undan. Smölun í Hekluhraunum má fresta þar til mánudaginn fyrir fyrstu byggðasafnsrétt.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur oddviti sýslunefndar leyft að fjallleitir séu færðar aftur eða fram um nokkra daga.

17. gr.

157

6. júlí

Hreppsnefnd tilnefnið umsjónarmann — fjallkóng — einn eða fleiri í hvern einstakan afrétt, og getur enginn skorast undan slíku trúnaðarstarfi, nema brýn nauðsyn beri til. Fjallkóngur skal fara eftir því, sem hreppsnefnd skipar fyrir um söfnun afréttarins, en í afréttinum hefur hann öll ráð og fyrirsögn á hendi. Hann skipar í leitir, hann ræður fyrir réttarhaldi, ef rétta þarf, og sérhverju öðru, er söfnun fjárins viðvikur, allt þangað til að safnið er komið til almenningsréttta, og er safnmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur.

18. gr.

Sérhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri verkgreind og heilsu og vel útbúinn að hestum, mat, fötum, skóm, tjaldrúmi og öðru því, er nauðsynlegt má teljast til fjallferða og útlegu.

Hæfan fjallsafnsmaður skal álíta þann, er fjallkóngur og minnst helmingur leitarmanna taka gildan, þó aldrei yngri en 15 ára.

Nú verður einhver fjallsafnsmaður sannur að óhlýðni eða hirðuleysi og má þá álíta sem sá maður, er slíkan mann sendir til fjalls, hafi engin fjallskil gert, og má láta hann borga fyrir fjallskil sín eftir mati hreppsnefndar, og hafi hreppsnefnd ráðið manninn, þá má láta hann verða af umsömdu kaupi.

19. gr.

Ef sá, sem senda skal mann til smölunar á afrétti, hefur engan hæfan mann til þess og getur ekki útvegað sér hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd — eða fjallskilastjóra — bréflega sex dögum áður en fjallleitir byrja. — Taki hreppsnefnd — eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd — undanfærslu hans og ástæður gildar, þá borgi maður þessi fjallskil sín sektarlaust, en þó með þeirri upphæð, sem kaupa verður mann í hans stað til leitarinnar, enda þótt greiðsla til hans verði að vera eitthvað hærri heldur en fjallskilin höfðu verið metin við niðurjöfnunina.

20. gr.

Nú vanrækir einhver að senda mann á fjall eða gera þau fjallskil, sem hann hefur verið kvaddur til, og hefur ei fram að bera gildar ástæður (sbr. 18. gr.) eða tilkynnir engar ástæður fyrir vanrækslu sinni eða tilkynnir þær svo seint, að ógerningur er að útvega mann í hans stað, þá skal hann, auk borgunar fyrir fjallskilin eins og þau voru metin við niðurjöfnun, greiða aukagjald, er nemi jafnhárri upphæð. Rennur gjald þetta í fjallskilasjóð. — Heimilt er hreppsnefnd að gefa eftir að einhverju leyti aukagjald þetta, þegar alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

21. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrétta á milli. Skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, bera ráð sín saman um það.

22. gr.

Önnur leit í afréttum skal gerð svo fljótt eftir fjallsafnsréttir sem unnt er og veður og ástæður leyfa, og í því sambandi við byggðasöfnun, að sem minnstar misgöngur eigi sér stað milli afrétta og heimalanda. Önnur leit í Hekluhraunum fari fram mánudaginn í 26. viku sumars.

23. gr.

Fé því, sem finnst í annarri leit og eigandi leiðir sig ekki fyrr að, skal ávallt haldið til skila af leitarhöfðingjum til næstu byggðasafnsréttar á eftir.

157

6. júlí

Að loknum þeim fjallleitum, sem hreppsnefndin lætur gera, eru hreppsbúum heimilar eftirleitir í afrétti, en skylt skal þeim að fá til þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar, ef þeir vilja eiga von um borgun fyrir fyrirhöfn sína.

Finnist fé í þessum leitum skal eigandi borga þriðjung verðs fyrir heimt og óheimt fé. Heimilt er hreppsnefnd að hækka borgun þessa, en þá skal sú hækkun greiðast úr fjallskilasjóði. Hreppstjórar virði fé til þessarar borgunar. Úr heima-högum leyfist engum að selja nokkra skepnu eins og fundna í eftirleit að afloknum lögsöfnum.

25. gr.

Hver sá, sem var verður við að fé er komið í svelt í hömrum eða annars staðar á landareign hans, eða þar í grennd, á hvaða tíma árs sem er, er skyldur að sjá um, ef eigi næst til eiganda, að fé þessu sé bjargað, ef unnt er, og ber honum borgun fyrir það af eiganda, eða af andvirði kindarinnar ef eigandi finnst ekki, eftir mati hreppsnefndar. Hver sá, sem verður var við meinakind í búfjárhögum sínum, tilkynni það eiganda sem fyrst.

IV. KAFLI

Um bygging og viðhald almenningsréttta og stjórn á réttahöldum.

26. gr.

Hreppsnefnd sér um að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið og að þær séu í góðu standi til notkunar.

Við sérhverjar almenningsréttir skulu vera nægir dилkar fyrir utansveitarfé og óskilafé, og nægilegt rúm í hverjum dilk, til þess að ekki þurfi að hleypa út úr þeim, fyrr en réttum er lokið og réttarstjórinn leyfir. Er honum heimilt, ef hætt er við að á milli hafi hlaupið, eða ef honum þurfa þykir, að láta rannsaka féð í dilk-unum af markglöggum mönnum, áður en hann veitir leyfi til þess að því sé hleypt út.

Bygging og endurbygging almenningsréttta hvílir á fjáreigendum hreppsins og fer fram undir umsjón hreppsnefnda.

Það viðhald réttanna, sem hreppsnefnd ber að greiða, má greiða úr fjallskilasjóði.

27. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Þyki þörf á því að færa réttir þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almannan sveitarfund, og ræður meiri hluti bænda úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða þarf samþykki sýslunefndarinnar til breytingarinnar.

28. gr.

Skyldur er hver að leggja til land undir almenningsfjárrétt og hleðsluefni í hana úr landi sínu, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr fjallskilasjóði ber að greiða hlutaðeiganda fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir, hafi samkomulag ekki náðst.

29. gr.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra er sér um innrekstur við réttahöld, kveður á um hvenær réttum sé lokið og gætir þess að allt fari fram í sem beztri röð og reglu. Óhlýðni og þrjózka gegn skipun réttarstjóra varðar sektum. — Hlutaðeigandi hreppstjórar skulu vera til staðar við réttahöld og gæta almennrar reglu.

V. KAFLI

Um byggðasöfn og byggðasafnsréttir.

157

6. júlí

30. gr.

Í hverjum hreppi skulu, auk fjallsafnsréttar, haldnar minnsta kosti þrjár byggðasafnsréttir og skulu þær haldnar þriðjudagana í 23. og 24. viku sumars og þriðjudaginn í 2. viku vetrar, þó með þeim undantekningum, sem hér greinir.

1. Í Rangárvalla-, Fljótshlíðar- og Vestur-Landeyjahreppum, skal halda fyrstu byggðasafnsrétt á miðvikudaginn í 23. viku sumars.
2. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjahreppi skal halda aðeins fyrstu byggðasafnsrétt á þriðjudaginn í 23. viku sumars, hinar aðrar byggðasafnsréttir í þeim hreppum séu haldnar á mánudögum.

Hreppsnefnd er heimilt að færa 2. byggðasafnsrétt aftur um viku þygi henni það hentara, en skylt er að tilkynna það áður í nærliggjandi hreppa. Nær ákvæði þetta aðeins til hreppanna vestan Ytri-Rangár.

31. gr.

Byggðasöfnun (smölun heimalanda) skal fram fara næsta dag á undan hverri byggðasafnsrétt nema í Austur-Landeyjahreppi að því er snertir 2., 3. og 4. rétt. Fer þar smölun fram sama dag og réttað er. Í Hvolhreppi séu heimalönd jafnan smöluð sama dag og réttað er.

Við byggðasöfnun skal hver og einn skyldur til að smala allt heimaland sitt, og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndar, sem miða því til tryggingar að vel sé smalað, og að almenningur sé samtaka í smöluninni bæði innbyrðis og sveita á milli. Skal síðan varðveita vel allt óskilafé og reka það til almenningsréttar í tækan tíma næsta dag.

Heimilt er hreppsnefnd, þar sem því verður við komið, að fyrirskipa þeim, er húa næst afrétti, að smala sérstaklega heimaland sitt í sambandi við fjallsöfn og koma því óskilafé, er þeir finna, í fjallsafnið.

Sérhver hreppsnefnd hefur og heimild til að fyrirskipa byggðasmölun og réttir lengur fram á vetur en tilgreinir í 29. gr. ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, svo hætt sé við miklum samgöngum af fé.

32. gr.

Við niðurfjöfnun fjallskilanna gæti hreppsnefnd þess í hvert sinn, að ákveða hverjir skuli, sveitar sinnar vegna, vera sendir í byggðasafnsréttir nágranna-sveita, til þess að hirða það óskilafé úr sinni sveit, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en tveir saman slíkra erinda í fyrstu byggðasafnsréttum. Telst þetta til fjallskila.

Þurfi að greiða ferjutoll fyrir fé, sem sótt er í réttir, borgast hann af fjallskilasjóði þess hrepps, sem rekstrarmenn eru úr, en sá hreppur hafi endurgjalds-kröfu til þeirra hreppa, sem féð eiga.

33. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í byggðasafnsréttum í Holtum og á Landi allt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, og sjá um að það komist í fyrstu byggðasafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefur hins sama að gæta í byggðasafnsrétt Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, sem liggja fyrir utan Markarfljót, — og sömuleiðis í byggðasafnsréttum í Austur-Landeyjum um óskilafé úr Austur-Eyjafjallahreppi.

157 6. júlí Hreppsnefnd Hvolhrepps skal hirða í byggðasafnsréttum á Rangárvöllum fé úr Eyjafjallahreppum og Landeyjahreppum, en hreppsnefnd V.-Landeyjahrepps láti hirða fé þetta í Hvolsréttum.

Óskilafé úr sömu hreppum, sem fyrir kemur í byggðasafnsrétt í Vestur-Landeyjahreppi, skal hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi hirða láta. Enn fremur skal hin sama hreppsnefnd hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi um óskilafé úr hreppum sýslunnar utan og ofan Affalls.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal síðan hirða allt fé úr hreppum ofan og utan Þverár, sem fyrir kemur í Austur-Landeyjaréttum.

Þeir hreppar, sem engan afrétt eiga, mega leggja tveir saman er þeir senda í byggðasafnsréttir.

Bakkabæingar veiti Vestur-Landeyjahreppi tækifæri til að hirða sitt fé á einum stað, eftir hverja lögsöfnun áður en þeir reka óskilafé til sinnar lögréttar.

Landmenn og Holtamenn láti hirða fé sitt í fjallrétt á Rangárvöllum og gagnkvæmt

Sé um innrekstrar fé að ræða úr einum hreppi í afrétt annars hrepps er eigandi skyldur að láta hirða það í réttum.

34. gr.

Skilarétt á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars og þriðjudaginn í 4. viku vetrar, eftir að fram hefur farið smölun á þeim, er bændur skulu leysa vel af hendi.

Hver einstakur eigandi ber ábyrgð á að hross hans séu hirt í skilarétt.

35. gr.

Komi tókufénaður til rétta, hefur sá ábyrgð á, sem tekið hefur.

VI. KAFLI

Um óskilafé.

36. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga, sem lambsmæður ekki helga sér í heimaréttum, skal reka til almenningsréttá, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um að slíkt fé sé dregið í dilk sér. Síðan skal leiða ær að dilkum og leyfa mönnum með því eða öðru móti að reyna að sanna eignarrétt sinn. Fjárbragð eitt sker þó ei úr um eignarrétt. Ómerkinga þá, er enginn helgar sér í lok hvernar réttar, skal selja hlutaðeigandi fjallskilasjóði til inntektar.

37. gr.

Allar óskilakindur aðrar, sem ekki tekst að finna eiganda að, eða enginn hirðir um, skulu og seldar í lok hvernar byggðasafnsréttar, svo og þær óskilakindur er fyrir kynnu að koma síðar á hausti eða vetri. Skulu hreppstjórar, að loknum öllum haustréttum, senda í hvern hrepp sýslunnar skýrslu yfir allt hið seldá fé, og mega eigendur þess leiða sig að andvirðinu er tveir mánuðir eru liðnir frá söludegi, til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innanhrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða; þá skal hann senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annan óskilafénað.

Ómerkinga og kalineyrt má selja í fjallrétt.

38. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark.

Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndinni 157 ekki skylt að svara andvirði hinnar seldu kindar fyrr en einhver þeirra hefur formlega sannað forgangsrétt sinn. 6. júlí

39. gr.

Hross, sem eigandi þekkist ekki að eða eigandi er utanhrepps og á engan þann að, er hirða vill gripinn eða gripina fyrir hans hönd, skulu jafnan talin í óskilum á hvaða tíma árs sem er. Vakta skal þau í viku og fara síðan með sem annað óskilafé (sbr. 11 og 36. gr.). Óskilahross má selja strax í réttarlök. Þó skal eigandi hross, sem selt hefur verið, hafa innlausnarrétt á því þrjá mánuði frá söludegi, enda ber hann þann tíma ábyrgð á því, nema það farist fyrir alveg sérstaka handvömm kaupanda.

Borga skal eigandi allan áfallinn kostnað, svo sem uppboðs-, fóður- og beitar-kostnað. — Andvirðis geta eigendur vitjað innan árs frá söludegi, en að öðrum kosti færist það hlutaðeigandi fjallskilasjóði til tekna.

40. gr.

Nú kemur fyrir kind eða hross með réttu marki ákveðins manns, en sá hinn sami veit sig ekki eiganda að, skal þá með fara sem óskilafé.

41. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar næstu ár, skulu hreppstjórar senda manni, sem sýslunefndin kys til þess, greinilegar lýsingar á öllum þeim óskilafénaði, sem seldur hefur verið og enginn hefur leitt sig að. Skal maður þessi taka lýsingar þess á skrá og senda til birtingar í Lögbirtingablaðinu.

Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum. — Hreppstjórar greiði auglýsingakostnaðinn og getur sýslunefnd ákveðið hann fyrir fram um nokkurra ára bil.

VII. KAFLI

Um vorréttir.

42. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að skipa fyrir um smölun á vorin bæði í heimalöndum og á afrétti, ákveða vorréttahöld og rekstrardaga til afréttar. — Vorréttadaga er henni skylt að auglýsa í nágrannahreppum.

43. gr.

Marka skal lömb undir óskilaám með sama marki og á þeim er.

VIII. KAFLI

Um fjármörk.

44. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði, þurfa eigendur að hafa lögheimiluð mörk á hornum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en hornmörk og eigin brennimörk því aðeins að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf gerist og hefur sýslunefnd rétt til að kveða á um, hversu námerkt má vera.

Sá, sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náð öðrum í

157 sama sveitarfélagi, skal breyta marki sínu ef þess er óskað. Erfðamark er rétthærra 6. júlí en ný upp tekið mark að öðru jöfnu.

Ekki má sami maður eiga fleiri en tvö fjármörk og eitt hrossamark.

Neita má börnum innan 12 ára um upptöku marks.

Ekki má prenta í markabók sauðfjármarkið afeyrt eða hlustarstýft.

Mikil særingarmörk má ekki upp taka, né heldur hafa þau mörk, sem vandhæfni er á að marka svo að eigi valdi villu eða vafa, svo sem: hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þristúfrifað, sýlt í hvatt, sýlt í helming, sýlt í stúf og tvísýlt í stúf.

Fleiri en tvö undirben má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, sem bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Sýslunefnd getur lagt bann við fleiri mörkum, en hér eru tilgreind, og skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

Enginn má taka upp fjármark með einu undirbeni frábrugðið löghelguðu marki nema samþykki þess, er markið á, komi til.

45. gr.

Allir fjáreigendur skulu hafa sýslu- og hrepps-brennimark á fé sínu eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind, sem er með hornum, áður en henni er slept eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fódruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Má beita sektum ef út af þessu er brugðið, renna þær í fjallskilasjóð.

46. gr.

Nú kemur fyrir í réttum eða við sundurdrátt kind, sem er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal þá sá talinn eigandi kindarinnar, sem brennimarkið eða hornamarkið á, en skyldur skal hann til, ef eigandi eyrnamarksins krefst þess, að gera grein fyrir því, hvernig hann er að kindinni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess sem hornamarkið á. Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir því hvernig hann hafi eignazt kindina.

47. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 10. hvert ár, og oftár ef þurfa þykir. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, er sýslunefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, fær eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar búendaskipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök verði send ókeypiss til allra hreppa utan sýslu, er búast má við að fé gangi saman úr.

48. gr.

Sýslunefnd kys mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka.

Kosning hans fer fram í hvert sinn og markaskrá á að prenta. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markaumsjónarmaður sér um útgáfu markaskrár. Hann gerir sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar eigi sér ekki stað. — Í markaskrá skal raða nöfnum í stafrófsröð, en þó „framan“ fyrr en „aftan“.

49. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, samkvæmt ákvæðum sýslunefndar eða markaumsjónarmanns, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau.

Hreppsnefndin, eða sá, sem hún felur framkvæmd þessa, hlutast til um, að sammerk-
ingar eða mjög lík mörk, sem hætt er við að valdi misdrætti, eigi sér ekki stað.

157
6. júlí

Mörkum hvers hrepps sé safnað í heild eftir stafrófsröð og séu merki sett við
nýupptekin mörk. Handritið liggi síðan frammi í 14 daga samkvæmt áður birtri aug-
lýsingu, hreppsþúum til sýnis. Að því búnu sé markaumsjónarmanni sýslunnar
send þessi skrá úr hverjum hreppi, ásamt gjöldunum.

50. gr.

Þegar markaumsjónarmaður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa, ber hann
þær saman sín á milli, og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og
utan þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum,
og þau sem hannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu.

Ákveði hann að fella niður mark eða breyta því, skal hann tilkynna það hlut-
aðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í
staðinn. Verði tillögum hans eigi mótmælt innan mánaðar frá því að hann sendi þær
frá sér, skulu þau mörk gilda til skrásetningar.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur märkeigenda, geti
þær samrýmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Vilji einhver taka upp mark milli þess að markaskrá er samin, ber honum fyrst að
fá til þess samþykki markaumsjónarmanns. Síðan skal hann auglýsa það í Lögbert-
ingablaðinu og jafnframt tilkynna það bréflega öllum hreppstjórum í sýslunni. —
Hreppstjórar sjái um að markið sé ritað inn í markaskrá þá, sem höfð er við sund-
urdrátt í almenningsréttum, hver í sinni sveit. Þeir fjáreigendur, sem inn í sýsluna
flytjast, fari eins að til þess að fá lögheimild fyrir marki sínu innan fjallskilaum-
dæmisins.

IX. KAFLI

Um fjárrekstra.

51. gr.

Þegar sauðfé eða hross er rekið um héraðið skal þess gætt að rekstri hverjum
fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir
þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra
að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að mjög er
orðið skuggsýnt, nema brýn nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu
svo glögg að þau sjáist tilskyndar í björtu, og svo traust að þau máist ekki af þó að
votviðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi ekki
saman við reksturinn, en komi það fyrir, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga
það fé úr rekstrinum, og annast um, að það komist í áttþaga sína, eigendum að kostn-
aðarlausu.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónar-
manni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það að skaðinn stafi af skeyt-
ingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skyllt er sláturhúsum að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem þar er leitt
til slátrunar.

X. KAFLI

Um fjallskilasjóði.

52. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna fjallskilasjóð fyrir hreppinn og renna þá til hans þessar tekjur:

- a. andvirði óskilafjár að fráðregnum kostnaði;
- b. hluti af niðurjöfnun (sbr. 14. gr.);
- c. fjallskil þau, sem með peningagreiðslu eru innt af hendi;
- d. sektir fyrir brot á þessari reglugerð;
- e. aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að renni í sjóðinn.

Tekjum fjallskilasjóðs má hreppsnefnd aðeins verja til þeirra hluta, er heyra undir framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar. Heimilt er þó að verja fé úr sjóðnum til eyðingar refa í umdæmi hlutaðeigandi sveitar. Sjóðurinn er í ábyrgð hreppsnefndar, sem geri reikning hans árlega og lætur fylgja sveitarreikningnum.

Meðan sjóður þessi er ekki stofnaður í einhverri sveit, kemur sveitarsjóður í hans stað.

XI. KAFLI

Almenn ákvæði.

53. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum eða við smölun heimalanda. Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

54. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömu leiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

55. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 10—300 krónum, effir málavöxtum, og renna þær í fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

56. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lög-reglumál.

57. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin „Reglugerð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð óskilafjár, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.“ frá 8. ágúst 1921, svo og breyting á þeirri reglugerð frá 14. júlí 1936.

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum í sýslunni standa yfir, og þar sem þær hafa það í för með sér, að einhverjum hreppi er að miklu eða öllu leyti meinað að nota afrétt sinn, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd heimilt að jafna öllum fjallskilakostnaði niður á ábúð jarða, sbr. 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, 157
staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til 6. júlí
þess að öðlast gildi 15. júlí 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Palmason.

SAMÞYKKTIR

158

6. júlí

fyrir Sparisjóð Húsavíkur.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Húsavíkur. Heimili hans og varnarþing er í Húsavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru stofnfjáreigendur 38 að tölu, með samtals kr. 7600.00 innborgað stofnfé. Fé þetta skal ávaxtast í sjóðnum, þó aldrei með hærri vöxtum en 1% umfram innlánsvexti, og skal vera trygging fyrir skilum sjóðsins við viðskiptamenn hans. Varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur h.f., sem um síðastliðin áramót var kr. 60214.50, er enn fremur trygging fyrir viðskiptamenn sjóðsins.

3. gr.

Stofnfjáreigendur skulu aldrei færri vera en 30, allir búsettir í Þingeyjarsýslu, þar af hið fæsta 5% þeirra, eða svipað hlutfall eftir því, sem á stendur um tölu stofnfjáreigenda á hverjum tíma, búsettir í Húsavíkurhreppi.

Stofnfjárframlag endurgreiðist ekki fyrir en við niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. grein laga nr. 69 27. júní 1941.

Ábyrgð stofnfjáreigenda fellur ekki niður nema við andlát, brottflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða fjárþrot með öðrum hætti.

Falli ábyrgð stofnfjáreigenda niður, skal stjórn sparisjóðsins gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útvega stofnfjáreiganda í staðinn. Bera má ágreining um nýjan stofnfjáreiganda undir lögmætan auka- eða aðalfund og ræður afl atkvæða úrslitum.

Samþykki sparisjóðsstjórnarinnar þarf til þess, að stofnfjáreigandi geti afhent eða afsalað öðrum stofnfé sínu svo gilt sé.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þrír þeirra kosnir á aðalfundi sparisjóðsins úr hópi stofnfjáreigenda til fjögurra ára í senn. Þrjá varamenn, er taki sæti í stjórninni í forföllum aðalmanna í sömu röð og þeir eru kosnir, skal kjósa á sama tíma og til sama tína og aðalmenn.

Hlutfallskosningu skal viðhafa ef óskað er. Séu atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða.

Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.